

**Sp.**

**108. Tillaga til þingsályktunar**

[97. mál]

um landhelgismál.

Flm.: Hermann Jónasson, Lúðvík Jósefsson, Eysteinn Jónsson,  
Finnbogi R. Valdimarsson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að ekki komi til mála að veita nokkurri erlendri þjóð rétt til fiskveiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún hefur verið ákveðin, og felur því ríkisstjórninni að tilkynna stjórn Bretlands, að frekari samningsviðræður um fiskveiðilandhelgi Íslands komi ekki til mála.

**Greinargerð.**

Hinn 10. ágúst s. l. tók ríkisstjórnin þá ákvörðun að fallast á tilmæli Breta um að taka upp samningaviðræður við þá um landhelgismálið. Þessa ákvörðun tók ríkisstjórnin án þess að leita samráðs við stjórnarandstöðuna og rauf þar með það samstarf, sem verið hafði milli allra stjórnsmálaflokkanna á Alþingi um landhelgismálið.

Sú ákvörðun að taka upp samningaviðræður við Breta um landhelgismálið var í algerrí mótstögn við áður markaða stefnu Alþingis og þjóðarinnar í landhelgismálinu. Alþingi hafði samþykkt 5. maí 1959 með samhljóða atkvæðum allra alþingismanna, „að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið“.

Með þeirri samþykkt hafði Alþingi útilokað með öllu, að fiskveiðilandhelgin yrði minni en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið, án undantekningar. Samningaviðræður við Breta, sem byggðar eru á því að ræða um tilslakanir frá 12 mílunum, eru því tvímælaust í ósamræmi við yfirlýsingu Alþingis.

Þá hefur það verið skýrt mörkuð stefna Íslendinga frá upphafi í landhelgismálinu, að samningar við einstakar þjóðir um stærð fiskveiðilandhelginnar kæmu ekki til mála. Frá þeirri stefnu hefur ríkisstjórnin vikið með því að taka upp samningaviðræður við Breta um landhelgismálið.

Samkvæmt upplýsingum, sem fram hafa komið á Alþingi síðustu daga frá ríkisstjórninni sjálfri, hefur í viðræðunum við Breta verið um það rætt að heimila þeim fiskveiðiréttindi innan fiskveiðilandhelginnar.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja, að samningar á slíkum grundvelli séu stórháskalegir fyrir hagsmunum landsins og í fullu ósamræmi við markaða stefnu þjóðarinnar í landhelgismálinu og að af þeim ástæðum sé nauðsynlegt, að Alþingi grípi nú þegar í taumana og stöðvi slíkt undanhald með nýrri ályktun. Íslendingar hafa þegar unnið sigur í landhelgismálinu og náð fram í full tvö ár þeirri friðun á fiskimiðunum í öllum aðalatriðum, sem stefnt var að með 12 mílna fiskveiðilandhelginni.

Bretar hafa einir allra þeirra þjóða, sem veiðar stunda við Ísland, beitt okkur ofbeldi vegna 12 mílna fiskveiðilandhelginnar. Þeir hafa tekið Íslendinga eina út úr, allra þeirra þjóða, sem þegar hafa tekið sér 12 mílna fiskveiðilandhelgi, og beitt herskipaflota sínum gegn okkur. Það á því ekki að koma til mála að verðlauna ofbeldisárásir Breta með því að veita þeim sérstök friðindi innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

Fyrir nokkrum dögum var tilkynnt í London, að framhaldsviðræður fulltrúa Breta og íslensku ríkisstjórnarinnar hæfust n. k. mánudag, þann 14. nóv.

Samninga um réttindi Bretum til handa innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi verður að stöðva nú þegar. Flutningsmenn leggja því ríka áherzlu á, að tillaga þessi fái sem hraðasta afgreiðslu á Alþingi.